

Mál nr. 53/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss á byggingarsvæði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
þann 1.9.2006.**

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.3.2008.

Málsatvik.

M starfaði hjá verktakafyrirtækinu V á byggingarsvæði þess í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Í umrætt sinn vann M ásamt vinnufélaga sínum við að taka í sundur frístandandi vinnupall á hjólum með einni hæð, um 2-3 m háan og að því er virðist álíka á lengd. Vinnupallurinn var settur saman úr þar til gerðum einingum. Af ljósmyndum að dæma var vinnuborð fyrir öðrum enda pallsins sem M fór upp á til að losa skástífu. Féll þá hluti vinnupallsins, vætanlega gaflinn, yfir vinnuborðið með þeim afleiðingum að M féll niður á gólf og hlaut brot á vinstri úlnlið. Slysið var ekki tilkynnt lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins strax eftir að það gerðist.

M kvaðst hafa farið upp á vinnuborðið til að taka skástífu úr pallinum. Við það hafi pallurinn fallið niður og hann fallið aftur fyrir sig niður af borðinu um 1 ½ m. Til að lenda ekki á bakinu hafi hann borið fyrir sig vinstri hönd með þeim afleiðingum að hann hafi úlnliðsbrotnað. M kvaðst ekki hafa unnið á pallinum, en hann hafi verið beðinn um að taka hann niður við annan mann. Hann hafi áður unnið við að taka niður slíka vinnupalla og fengið við það leiðsögn í fyrsta sinn sem hann vann við það.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M vann við að taka niður tiltölulega lítinn vinnupall sem var einfalt verk og hann hafði áður unnið við. Ekkert bendir til þess samkvæmt gögnum málsins að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar, saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna V að öðru leyti eða annarra atvika sem leitt geta til skaðabótaskyldu V. Málsatvik eru í öllum meginatriðum óumdeild og því breytir það engu um sönnunarstöðu í málinu þótt V hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins strax í upphafi. Að svo vöxnu verður bótaábyrgð ekki lögð á V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.